



D Ó M U R

17. júlí 2013

Mál nr. E-164/2012:

Stefnandi: Eyþór Valdimarsson

(Ólafur Björnsson hrl.)

Stefndu: Þórarinn Kristinsson

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Jens Eiríkur Helgason (Réttargæsla)

Hörður Davíðsson (Réttargæsla)

Jónína Hanna Hilmarsdóttir (Réttargæsla)

Einar Sigurður Magnússon (Réttargæsla)

Bragi Gunnarsson (Réttargæsla)

(Sjálfur ólöglærður)

Auður Helgadóttir (Réttargæsla)

Lárus Helgason (Réttargæsla)

og gagnsök

Dómari: Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri.

Ár 2013, miðvikudaginn 17. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-164/2012:

Eyþór Valdimarsson

(Ólafur Björnsson hrl.)

gegn

Bórarni Kristinssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

og til réttargæslu:

Braga Gunnarssyni

(sjálfur),

Jens Eiríki Helgasyni,

(Óskar Sigurðsson hrl.)

Herði Davíðssyni,

Jónínu Hönnu Hilmarsdóttur,

Einari Sigurði Magnússyni,

Auði Helgadóttur og

Lárusi Helgasyni

(enginn)

og gagnsök.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní sl., er höfðað með stefnu í aðalsök birtri 19. júlí 2012.

Aðalstefnandi er Eypór Valdimarsson, kt. 000000-0000, Ásgarði, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Aðalstefndi er Þórarinn Kristinsson, kt. 000000-0000, Depluhólum 7, Reykjavík, en hann er eigandi jarðarinnar Tungu í Skaftárhreppi. Þeim Hallgrími Snorrasyni, kt. 000000-0000, Margréti Snorradóttur, kt. 000000-0000, Auði Snorradóttur, kt. 000000-0000 og Finni Snorrasyni, kt. 000000-0000 var upphaflega stefnt í máli þessu en þar sem landskipti fóru fram á jörðinni Tungu og aðalstefndi fékk í sinn hlut það land sem liggur að Ásgarði tók aðalstefndi og gagnstefnandi Þórarinn því við málinu.

Réttargæslustefndu eru Jens Eiríkur Helgason, kt. 000000-0000, Hátúni, Skaftárhreppi, Hörður Davíðsson, kt. 000000-0000, Efri-Vík, Skaftárhreppi, Jónína Hrönn Hilmarsdóttir, kt. 000000-0000, Kristnibraut 49, Reykjavík, Einar Sigurður Magnússon, kt. 000000-0000, Syðri-Vík, Skaftárhreppi, Bragi Gunnarsson, kt. 000000-0000, Lyngrima 22, Reykjavík, Auður Helgadóttir, kt. 000000-0000, Bandaríkjunum og Lárus Helgason, kt. 000000-0000, Hraunvangi 7, Hafnarfirði.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að rétt landamerki milli jarðanna Ásgarðs I, lnr. 163300 og Tungu, lnr. 163468 á hinu umþrætta svæði, séu eftirfarandi, samanber hnitsettan uppdrátt á dskj. nr. 3:

Úr punkti við **Söðulsker (p.A) (hnit: A-548909.3/N-362737.9)** þar sem lína er dregin í **Réttarvaðshól við Tungulæk (p.B) (hnit: A-549431.9/N-363924.7)** og þaðan í punkt við skerið **Heimsenda (p.C) (hnit: 549837.3/365813.9)**.

Þá krefst aðalstefnandi málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Dómkröfur aðalstefnda eru þær í aðalsök að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda en í gagnsök er þess endanlega krafist að viðurkennt verði með dómi að landamerki milli Tungu (lnr. 163468) og Ásgarðs I (lnr. 163300) í Skaftárhreppi verði sem hér segir:

Frá punkti A (hnit X=548875.8, Y=32701.9) í miðjum Tungulæk á móts við Söðulsker og þaðan eftir miðlínu Tungulæks norður allt að punkti B í miðjum Tungulæk á móts við Réttarvaðshól (hnit X=549374.3, Y=363884.9) og þaðan í punkt C á Réttarvaðshól (hnit X=549431.9, Y=363924.5) og þaðan bein lína norður í farveg Skaftár með viðmið í punkt D sem er varða á Heimsenda handan Skaftár (hnit X=549906.5, Y=365751.4).

Þá krefst aðalstefndi málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda, bæði í aðalsök og gagnsök.

Dómkröfur gagnstefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og kröfur hans í aðalsök verði teknar til greina. Þá krefst gagnstefndi málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda samkvæmt reikningi.

Réttargæslustefndi Bragi gerir þær kröfur að punktur sá sem ákveðinn verði í Heimsendasker afmarki eingöngu stefnu landamerkja milli Ásgarðs og Tungu en sé ekki endamark þeirra jarða. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda. Við meðferð málsins var ítrekað að ekki væru gerðar sjálfstæðar kröfur af hálfu aðila málsins á hendur þessum réttargæslustefnda, enda snúist málið um landamerkjalinur á milli Ásgarðs og Tungu og sé línan frá Réttarvaðshóli stefnulína og punkturinn í Heimsendaskeri sé ekki sjálfstæður landamerkjapunktur.

Réttargæslustefndi Jens Eiríkur krefst þess að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflytningsþóknun.

Aðrir réttargæslustefndu hafa ekki látið málið til sín taka og eru engar kröfur gerðar á hendur þeim.

Farið var á vettvang þann 6. maí sl.

Málavextir.

Aðalstefnandi lýsir málavöxtum svo að árið 2007 hafi komið upp ágreiningur milli eigenda jarðanna Ásgarðs og Tungu í Skaftárhreppi um landamerki þeirra og hafi eigendur þeirra ekki verið sammála um merkin þegar komið hafi að uppsetningu sleppitjarna við Tungulæk. Óskað hafi verið eftir því að sýslumaðurinn í Vík leitaði sátta vegna ágreiningsins og kom fram við það tækifæri að aðalstefndi teldi merki jarðanna vera með því móti að draga bæri beina línu úr Myrkvastofu í Réttarvaðshól og þaðan í Heimsendasker. Í vettvangsgöngu með sýslumanni árið 2008 hafi komið fram að aðalstefndi teldi að draga ætti landamerkjalinu frá Réttarvaðshóli í suðurenda Heimsendaskers eftir girðingu sem þar standi í dag. Sættir hafi ekki tekist og hafi sáttaviðræður hafist að nýju árið 2010. Þær hafi orðið árangurslausar og því hafi aðalstefnandi talið nauðsynlegt að höfða mál til viðurkenningar á réttum merkjum jarðanna.

Heimildir um landamerki er að finna í landamerkjabréfum jarðanna. Í landamerkjabréfi Eystri- og Ytri-Tungu frá 2. október 1889, sem þinglýst var á manntalsþingi 19. júní 1890 segir svo: „*Að vestan úr Tripphól til norðausturs í Markhól, þaðan stefna eftir engjamörkum upp yfir Skaftá í Kirkjubæjarklausturslandi. Að sunnan og austan: aftur úr áður nefndum Tripphól til suðurs í Tungulæk eftir honum til austurs, og svo til norðurs í Réttarvaðshól austan megin við Tungulæk, þaðan beint í svo kallaðan Heimsendir fyrir ofan Skaftá, þaðan sama stefna að Keldnúpsslandi.*“

Í landamerkjabréfi Ásgarðs frá 14. júní 1889 segir: „*Að vestan úr Réttarvaðshól við Tungulæk til norðausturs í sker, sem kallað er heimsendir fyrir ofan Skaftá, þaðan bein lína að Keldunúpslandi. Að austan og sunnan: aftur úr Réttarvaðshól í Beinaklett, þaðan í Dagmálaþúfu beina línu í Skaftá.*“

Í landamerkjabréfi Kárstaða með Refstöðum frá 14. júní 1889 segir: „*Að norðan frá Skaftá að Dagmálaþúfu, úr henni í Beinaklett, þaðan í þúfu á Réttarvaðshól. Að sunnan: úr Söðulskeri við Tungulæk og í Myrkvastofu, þaðan í Hliðskjál, þaðan í Arnarþúfu, svo beina stefnu í Skaftá.*“

Ekki munu vera til aðrar yngri heimildir um landamerkin en landamerkjabréf þau sem að framan getur.

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar á þinglýstum landamerkjabréfum jarðanna Ásgarðs og Kárstaða með Refstöðum og hafi jarðirnar Kárstaðir og Refstaðir verið lagðar undir Ásgarð. Aðalstefnandi telur að lýsingar í landamerkjabréfum Ásgarðs og Kárstaða með Refstöðum styðji túlkun hans á því hvernig rétt landamerki milli jarðanna séu. Beri orðalag landamerkjabréfanna með sér að landamerkjalinur séu dregnar beint í þekkt örnefni sem vel sjáist til en miðlína vatna sé ekki látin ráða mörkum. Landamerkjalinna milli Söðulskers (p.A) og Réttarvaðshóls við Tungulæk (p.B) sé því dregin beint milli þeirra örnefna. Landamerkjalinna milli Réttarvaðshóls við Tungulæk (p.B) og Heimsendaskers (p. C) sé einnig dregin beint. Ekki sé ágreiningur um þá línu en aðilar deili hins vegar um staðsetningu punkts við Heimsendasker. Aðalstefnandi telur að við staðsetningu landamerkjalinunnar milli þessara örnefna verði að taka stefnu í það sker á Heimsenda sem best sjónhending sé í frá Réttarvaðshóli. Stefnan sé því tekin í gamla hleðslugirðingu við Skaftá og þetta staðfesti Hrefna Kristmundsdóttir, fyrrum ábúandi í Tungu.

Aðalstefnandi segir eigendur Ásgarðs hafa á hverjum tíma nýtt allt land jarðarinnar innan téðra merkja og byggir á því að við túlkun á lýsingum landamerkjabréfanna verði að horfa heildstætt á þau, meta þau í ljósi eldri heimilda með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum og örnefnum. Þá beri að horfa til þess sem viðurkennt hafi verið um áratugaskeið án ágreinings, en aðalstefnandi byggir einnig á framburði vitna um merki jarðanna.

Aðalstefnandi vísar til landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919 með síðari breytingum og meginreglna íslensks réttar um gildi landamerkjabréfa og túlkun þeirra. Þá vísar stefnandi til 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök aðalstefnda.

Aðalstefndi byggir kröfur sínar á óumdeildum þinglýstum landamerkjabréfum Tungujarða, Ásgarðs og Kárstaða og nokkuð skýrum texta bréffanna. Í landamerkjabréfi Tungujarðanna sé því lýst að mörk jarðarinnar að austan gagnvart Hátúnum og Kárstöðum sé eftir Tungulæk allt norður að Réttarvaðshól og landamerkjabréf Kárstaða mæli því ekki í mót. Í því landamerkjabréfi sé merkjum lýst að norðan frá Beinakletti í þúfu á Réttarvaðshól, en hann sé við Tungulæk. Svo sé merkjum lýst að sunnan úr Söðulskeri í Myrkvastofu en hvergi sé minnst á vesturhlíðina. Virðist sem lýsanda merkjanna hafi þótt sjálfgefið að vesturmerkin væru í Tungulæk eða svo sjálfsagt að ekki hafi þurft að taka það fram. Ef ætlunin hefði verið að hafa merkin í beinni línu úr Réttarvaðshól í Söðulsker hefði það verið tekið skýrlega fram. Sami maðurinn, Ólafur Pálsson, hafi hins vegar gert merkjalýsingu fyrir allar jarðirnar þrjár og hefði hann vart komið með lýsingu í Kárstaðabréfið sem væri í andstöðu við landamerkjabréf Tungujarðanna. Jarðirnar hafi verið allar í ríkiseigu á þessum tíma og Ólafur hafi verið umboðsmaður þjóðjarða.

Aðalstefndi getur ekki séð að aðalstefnandi hafi nokkuð til að byggja á þegar hann haldi því fram að landamerkjalinna milli jarðanna sé bein úr Réttarvaðshóli í Söðulsker. Það mæli því einnig í mót að slík lína myndi þvera Tungulæk á tveimur stöðum. Þá hafi aðalstefnandi ekkert til að benda á máli sínu til stuðnings en óljós vottorð frá fólki sem hafi frásagnir eftir fólki sem nú sé látið. Það segist t.d. hafa heyrt að Ásgarður ætti land handan Tungulæks en viti ekki hversu langt eða á hverju slík fullyrðing byggist. Aðalstefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi nýtt það land sem hann haldi fram að sé innan merkja Ásgarðs vestan Tungulækjar. Hann hafi haft beitarhólf suðvestan Myrkvastofu en austan Tungulækjar en það breyti engu um ætluð merki nema þá aðeins til styrkingar því sjónarmiði aðalstefnda að mörkin séu við Tungulæk sunnan Réttarvaðshóls. Rökstuðingur aðalstefnanda sé afar bágborinn og í stefnu vanti algerlega tilvísun í landamerkjabréf Tungujarðanna sem aðalstefndi hafi þó lagt fram, en það sé aðalgagnið í málinu.

Aðalstefndi telur að með vísan til framangreinds verði ekki hjá því komist að ákvarða merki eftir miðlínu Tungulækjar frá Söðulskeri til Réttarvaðshóls. Þar sem Söðulsker sé ekki alveg á lækjarbakkanum hafi upphafspunkturinn A á uppdrætti verið markaður í Tungulæk miðjum þar sem áframhaldandi lína úr Myrkvastofu um Söðulsker skeri Tungulæk. Þar sem í merkjalýsingu Tungujarða segi: „í *Tungulæk eftir honum til austurs, og svo til norðurs í Réttarvaðshól*“ hafi aðalstefndi þann stað í Tungulæk til viðmiðunar í kröfum sínum sem næst sé Réttarvaðshól er þangað sé komið, enda nærtækasta skýringin á landamerkjalyðsingunni. Þar sé markaður punktur B á uppdrætti. Þaðan liggi línan örstutt í Réttarvaðshól, en hann sé óumdeilt merki jarðanna.

Aðalstefndi byggir á því að landamerkjalinna úr Réttarvaðshóli norður yfir Skaftá sé skýr. Í landamerkjabréfi Tungujarða segi að línan fari beint þaðan í Heimsendi og í landamerkjabréfi Ásgarðs segi að línan liggi í sker sem kallað sé Heimsendir. Heimsendir sé því auðsætt endamark og öllum þekkt. Handan Skaftár sé sker en hæsti hluti þess, nokkurs konar klettarani, teygi sig í suðurátt á mótum Tungu/Ásgarði og sé því nærtækasta kennileitið. Syðst á þessum klettarana sé

áberandi hlaðin varða, bersýnilega gömul, a.m.k. 1,7 metrar á hæð og 2 metrar í þvermál. Aðalstefndi telur þetta vera endamarkið, merkt D á uppdrætti, enda enginn annar staður sem hægt sé að miða við. Hafi faðir aðalstefnanda ítrekar bent honum á þessa vörðu sem viðmiðunarpunkt landamerkjanna. Viðmiðunarmark aðalstefnanda norðan Skaftár sé algerlega á reiki og til að finna hann sé búin til lína um gamla hleðslugirðingu sunnan Skaftár, sem hvergi sé minnst á annars staðar eða sé líklegri til að vera landamerki. Svona hleðslugarðar séu víða í landi Tungu. Það styðji þessa skoðun að faðir aðalstefnda hafi fyrir áratugum reist girðingu á mörkunum sem nái að Skaftá á móts við þennan stað og sett niður traustan járnstaur í fjöruborðinu. Hafi girðing þessi, sem liggi í kröfulínu aðalstefndu, ekki sætt andmælum af hálfu eigenda Ásgarðs fyrr en mál þetta hafi farið af stað.

Aðalstefndi byggir á því að punktur sá sem aðalstefnandi vilji miða endamark sitt við sé punktur við skerið Heimsenda og sé enginn fastur viðmiðunarpunktur handan Skaftár. Þetta sé ekki í nokkru samræmi við landamerkjalyásingar jarðanna, órökstutt og ósannfærandi. Í báðum landamerkjalyásingunum sé Heimsendi sjálfur endamark en aðalstefnandi fullyrði að endamark hans sé þar við Skaftá þar sem best sé sjónhending frá Réttarvaðshóli. Aðalstefndi vefengir þetta, enda hafi föður hans ekki verið erfiðleikum bundið að girða nákvæmlega í landamerkjalinunni á bökkum Skaftár fyrir nokkrum áratugum og svo standi hvergi sjónhending í landamerkjabréfinu, heldur *bein lína*.

Kröfulína aðalstefnanda norður frá Réttarvaðshóli skeri Tungulæk en það geti engan veginn komið heim og saman við landamerkjalyásingar eða þinglýstar heimildir. Faðir aðalstefnda hafi fengið þinglýsta eignarheimild fyrir 100 m breiðri spildu, 50 metra á hvorn veg meðfram Tungulæk árið 1960 og geti landamerkjalinan ekki legið yfir þá spildu. Hafi aðalstefnandi á einhverjum tíma talið sig eiga hluta í Tungulæk hefði hann átt að sýna einhver merki þess að svo væri og andmæla þinglýsingunni. Það hafi hann ekki gert heldur látið afskiptalaust að eigendur Tungulæksins hafi stundar þar fiskirækt áratugum saman.

Aðalstefndi mótmælir þeirri fullyrðingu í stefnu að eigendur Ásgarðs hafi nýtt það svæði sem aðalstefndi telur vera deilusvæðið. Engin gögn séu til um slíkt. Að vísu sé girðing sú sem faðir aðalstefnda hafi sett upp og endi í Skaftá ekki í beinni línu og því ekki öll á merkjum, en það hafi verið gert til hagræðis og vegna aðstæðna að hún hafi verið lögð þannig.

Aðalstefndi vísar til 25. gr. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, einnig til 1.-6. gr. laga um landamerki nr. 41/1919, sbr. 6. gr. laga nr. 92/1991, svo og til 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda.

Gagnstefnandi byggir á sömu málsástæðum og lagarökum og fram koma í greinargerð hans í aðalsök.

Málsástæður og lagarök gagnstefnda.

Gagnstefndi mótmælir þeirri málavaxtalýsingu í gagnstefnu að gagnstefndi hafi skyndilega árið 2006 farið að halda því fram að landamerkjapunkturinn á Heimsenda væri vestar en áður hefði verið talið. Málalíbúnaður gagnstefnda byggir alfarið á þeim skilningi og væntingum sem hann hafi ávallt haft til landamerkja jarðarinnar Ásgarðs. Þá mótmælir gagnstefndi þeirri fullyrðingu í gagnstefnu að Tungulækur renni á mörkum Tungu og Ásgarðs. Ljóst sé að ekki sé miðað við lækinn enda alþekkt á þessum slóðum að miða frekar við beinar línur en ekki árfarvegi. Kunnir það að vera vegna þess að áin hafi grafið sér hlykkjóttari farveg í gegnum tíðina, en sá sem upphaflega hafi ráðið mörkum jarðanna hafi verið mun beinni.

Gagnstefndi telur að sú grundvallarmálsástæða gagnstefnanda að miða við farveg Tungulækjar taki ekki mið af þeirri staðreynd að ár og lækir grafi sér nýja farvegi og breytist því með ýmsu móti í tímans rás. Slíkir lækir verði bugðóttari með árunum og grafi sér þannig farveg sem sé hlykkjóttari en upphaflega. Slík landfræðileg rök leiði til þess að Tungulækur hafi eitt sinn runnið í mun beinni farvegi en hann geri nú. Allar líkur bendi til þess að landamerkjalyásingar hafi miðað við legu lækjarins eins og hann hafi verið á þeim tíma og stuðst hafi verið nánar við þekkt kennileiti á svæðinu. Því hafi landamerki jarðanna legið úr Heimsenda í Réttarvaðshól og þaðan í beinni línu í Söðulsker. Breytingar lækjarins hafi leitt til þess að gagnstefndi eigi nú land hinum megin lækjarins. Breyti það engu um landamerki jarðarinnar Ásgarðs, enda gildi sú rótgróna forna regla að eigi breytist landamerki þótt farvegur breytist, en hún sé lögfest í 2. mgr. 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Gagnstefndi telur þetta styðja lýsingar landamerkjabréfa Ásgarðs, Refstaða og Kárstaða. Þar geti að líta lýsingar sem taki mið af þessum þekktu kennileitum. Telur gagnstefnandi að þessar lýsingar styðji túlkun hans á því hvernig rétt landamerki milli jarðanna séu. Geti gagnstefnandi ekki litið framhjá þeirri staðreynd að fjölmargir staðkunnugir aðilar hafi gefið umsögn sína í samræmi við málalíbúnað gagnstefnda, þvert á málalíbúnað gagnstefnanda.

Gagnstefndi vísar til landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919 með síðari breytingum og meginreglna íslensks réttar um gildi landamerkjabréfa og túlkun þeirra. Þá vísar stefnandi til 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig er vísað til vatnalaga nr. 15/1923, helst 2. mgr. 3. gr. Krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um það hver skuli vera landamerki milli jarðanna Ásgarðs, sem er austan Tungulækjar og Tungu, sem er vestan Tungulækjar

í Skaftárhreppi. Aðalstefnandi gerir þá kröfu að frá punkti merktum A við Söðulsker á dskj. nr. 3 sé dregin bein lína að punkti B sem er í Réttarvaðshóli. Á þessu svæði rennur Tungulækur og ef fallist yrði á kröfur aðalstefnanda að þessu leyti yrði syðsti hluti lækjarins að punkti A í landi Tungu auk landspildu austan lækjarins að kröfulínunni milli punkta A og B. Þá yrði nyrsti hluti lækjarins að punkti B við Réttarvaðshól í landi Ásgarðs. Á þessu svæði rennur Tungulækur frá Söðulskeri í bugðu til austurs og beygir síðan til norðurs í stefnu að Réttarvaðshóli. Í landamerkjabréfi Eystri- og Ytri-Tungu frá 2. október 1889 segir að sunnan og austan séu merkin úr Tripphóli til suðurs í Tungulæk eftir honum til austurs og svo til norðurs í Réttarvaðshól austan megin við Tungulæk. Aðalstefnandi minnst að vísu ekki á þetta landamerkjabréf í málatilbúnaði sínum en aðalstefndi byggir á því í gagnsök. Í landamerkjabréfi Kárstaða með Refstöðum frá 14. júní 1889 segir um þetta svæði að mörkin að sunnan séu úr Söðulskeri við Tungulæk og í Myrkvastofu, þaðan í Hliðskjál, þaðan í Arnarpúfu, svo beina stefnu í Skaftá. Þess ber að gæta að fyrrgreinda landamerkjabréfið er yngra en hið síðara en skilja verður lýsinguna þar svo að Tungulækurinn ráði mörkum á þessu svæði. Telja verður ólíklegt að sá sem gerði merkjalýsingu fyrir allar jarðirnar, Ólafur Pálsson, umboðsmaður þjóðjarða, hefði sett lýsingu í Kárstaðabréfið sem væri í andstöðu við landamerkjabréf Tungujarðanna. Engum yngri gögnum er til að dreifa sem styðja málatilbúnað aðalstefnanda að þessu leyti. Þá verður ekki fram hjá því litið að aðalstefnandi bar fyrir dómi að ekki hefði verið veitt í Tungulæknum, engin þörf hafi verið á því þar sem veiðiréttur í Skaftá tilheyrði jörðinni. Þar sem aðalstefnanda hefur að mati dómsins ekki tekist að sanna að merki milli jarðanna milli punkta A og B eigi að vera með þeim hætti sem hann byggir á verður kröfu hans í aðalsök að þessu leyti því hafnað en fallist verður á kröfu gagnstefnanda um að mörk jarðanna milli Söðulskers og Réttarvaðshóls skuli liggja eftir miðlínu Tungulækjar, þ.e. á milli punkta A og B eins og þeir eru framsettir á dskj. nr. 31, enda verður að telja þau mörk fyllilega í samræmi við framangreind landamerkjabréf.

Málsaðilar eru sammála um að mörk jarðanna teljist vera bein lína frá Réttarvaðshóli til norðausturs að tilteknum punkti við svokallað Heimsendasker.

Aðalstefnandi telur að taka verði stefnu í það sker á Heimsenda sem best sjónhending sé í frá Réttarvaðshóli og því miðar hann við gamla hleðslugirðingu við Skaftá og þaðan í mjög ógreinilegt kennileiti á skerinu sem hann segir vera vörðu sem nú sé hrunin, punkt C á dskj. nr. 42. Vettvangsganga leiddi ekki í ljós að á þessum stað væru óræk merki þess að þar hefði verið kennileiti það á skerinu sem vísað er til í landamerkjabréfi Ágarðs frá 14. júní 1889. Kröfulína aðalstefnanda sker Tungulækinn þannig að nokkur hluti hans yrði innan landamerkja aðalstefnanda ef á kröfur hans yrði fallist. Aðalstefndi byggir hins vegar á því að enginn annar staður á skerinu en hlaðin varða, bersýnilega gömul, merkt D á uppdrætti á dskj. nr. 42 komi til greina sem viðmiðunarpunktur. Faðir aðalstefnda hafi fyrir áratugum reist girðingu á mörkunum sem náði að Skaftá á mótis við þennan stað og sett niður traustan járnstaur í fjöruborðinu. Enginn ágreiningur hafi verið um þessi merki fyrr en mál þetta hafi farið af stað. Við vettvangsgöngu kom í ljós að þarna var um mjög greinilegt kennileiti að ræða. Aðalstefnandi byggir á framburði Lárusar Siggeirssonar en hann skýrði svo frá fyrir dómi að hann myndi eftir vörðu á Heimsendaskeri og hafi hann fyrst haldið að það væri leiðarmerki vegna vaðs yfir Skaftá. Kristmundur í Tungu hafi sagst eiga landamerkjavörðu á skerinu og væri hún í stefnu úr gömlum grjótgarði með girðingu. Lárus taldi vörðuna hafa verið u.þ.b. nálægt miðju skerinu en hún væri nú horfin. Hallgrímur

Snorrason skýrði svo frá fyrir dómi að um 1973 hafi hann heyrt umræður milli Valdimars í Ásgarði og Kristins í Tungu um það hvar draga ætti línuna við skerið og hafi Kristinn talið fjarstæðu ef lækurinn lenti innan Ásgarðslands. Hallgrímur vissi ekki hvort járnstaurinn hafi verið á merkjum og þá rámaði hann í að sjónlína væri frá Réttarvaðshóli að punktinum á Heimsendaskeri en hann var ekki viss. Við vettvangsgöngu kom í ljós að sjónlína er frá Réttarvaðshóli að punkti þeim á skerinu sem aðalstefnandi byggir á, punkti C, en slíkri sjónlínu er hins vegar ekki til að dreifa að því er punkt D varðar og aðalstefndi byggir á. Að mati dómsins verður landamerkjabréfið ekki skilið þannig að nauðsyn beri til að það sjáist í viðmiðunarpunktinn á Heimsendaskeri frá Réttarvaðshóli.

Þegar gögn máls þessa eru virt verður enn að horfa til þess að ekki hefur verið sýnt fram á að aðalstefnandi hafi nokkurn tíma nýtt Tungulækinn og ekkert bendir ekki til þess að lækurinn eða hluti hans sé eða hafi verið í landi hans. Þá verður ekki fram hjá því litið að faðir aðalstefnda fékk þinglýsta eignarheimild fyrir spildu meðfram Tungulæk árið 1960 og getur landamerkjalinan ekki legið yfir þá spildu. Er því ósannað að kennileiti það á Heimsendaskeri sem aðalstefnandi vill miða við sé sá endapunktur sem markar landamerkjalinuna frá Réttarvaðshóli að Heimsendaskeri. Verður kröfu hans í aðalsök að þessu leyti því hafnað en fallist verður á kröfu gagnstefnanda um að mörk jarðanna milli Réttarvaðshóls og Heimsendaskers skuli liggja eftir beinni línu sem dregin er á milli punkta B og D eins og þeir eru framsettir á dskj. nr. 31 og 42.

Samkvæmt framansögðu verður aðalstefndi sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök en í gagnsök verða landamerkjakröfur gagnstefnanda teknar til greina eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður í aðalsök falli niður að öðru leyti en því að aðalstefnanda verður gert að greiða réttargæslustefnda Braga Gunnarssyni 100.000 krónur í málskostnað. Ekki eru efni til að gera aðalstefnanda að greiða réttargæslustefnda Jens Eiríki Helgasynti málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi greiða gagnstefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kvað upp dóminn. Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómari og lögmenn aðila töldu ekki þörf endurflutnings.

DÓMSORÐ:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Þórarinn Kristinsson, vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, Eyþórs Valdimarssonar, í máli þessu.

Í gagnsök er viðurkennt að að landamerki milli Tungu (lnr. 163468) og Ásgarðs I (lnr. 163300) í Skaftárhreppi verði sem hér segir:

Frá punkti A (hnit $X=548875.8$, $Y=32701.9$) í miðjum Tungulæk á móts við Söðulsker og þaðan eftir miðlínu Tungulæks norður allt að punkti B í miðjum Tungulæk á móts við Réttarvaðshól (hnit $X=549374.3$, $Y=363884.9$) og þaðan í punkt C á Réttarvaðshól (hnit $X=549431.9$, $Y=363924.5$) og þaðan bein lína norður í farveg Skaftár með viðmið í punkt D sem er varða á Heimsenda handan Skaftár (hnit $X=549906.5$, $Y=365751.4$).

Málskostnaður í aðalsök fellur niður að öðru leyti en því að aðalstefnanda verður gert að greiða réttargæslustefnda Braga Gunnarssyni 100.000 krónur í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi Eyþór Valdimarsson greiða gagnstefnanda Þórarni Kristinssyni 1.500.000 krónur í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.